

## Svar

### félags- og barnamálaráðherra við fyrirspurn frá Birni Leví Gunnarssyni um lögbundin verkefni Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands.

#### 1. Hvaða lögbundnu verkefnum sinnir Nýsköpunarmiðstöð Íslands?

Nýsköpunarmiðstöð Íslands starfar samkvæmt lögum um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun, nr. 75/2007. Samkvæmt lögnum skal stofnunin sinna eftirfarandi verkefnum á því sviði:

- a. eiga frumkvæði að samstarfi þeirra opinberu aðila sem mynda stoðkerfi nýsköpunar fyrir atvinnulífið,
- b. móta sértæk stuðningsverkefni sem stuðla að bættum rekstri lítilla og meðalstórra fyrirtækja og framgangi nýrra viðskiptahugmynda sem spretta af hugkvæmni einstaklinga eða rannsóknnum og þróunarstarfi háskóla, stofnana og fyrirtækja,
- c. starfrækja frumkvöðlasetur,
- d. annast miðlun hvers konar hagnýtrar þekkingar um stofnun og rekstur fyrirtækja,
- e. auka veg hönnunar í íslensku efnahagslífi og vekja fyrirtæki til vitundar um mikilvægi hönnunar í nýsköpun og vexti,
- f. vera tengiliður við þá sem stunda grunnrannsóknir og hagnýtar rannsóknir er leitt geta til nýsköpunar í atvinnulífinu,
- g. efla samstarf á milli rannsóknastofnana, háskóla, fyrirtækja, fjárfesta og atvinnuþróunarfélaga,
- h. miðla þekkingu um innlendar og erlendar tækninýjungar og aðgerðir sem auka framleiðni,
- i. annast samstarf við innlendar og erlendar stofnanir sem gegna sambærilegu hlutverki.

Rannsóknastarfsemi á vegum Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands skal samkvæmt lögnum starfrækt undir heitinu Íslenskar tæknirannsóknir. Íslenskar tæknirannsóknir skulu sinna eftirfarandi verkefnum:

- a. tæknirannsóknnum sem leitt geta til aukinnar nýsköpunar, aukinnar framleiðni og betri samkeppnisstöðu atvinnulífsins,
- b. tækniþróun, tækniyfifærslu og aðlögun tækni í nánu samstarfi við fyrirtæki og atvinnugreinar,
- c. hafa yfir að ráða aðstöðu og færni til að takast á við rannsóknir á nýjum fræðasviðum sem hafa eða munu hafa afgerandi áhrif á framþróun íslensks atvinnulífs,
- d. ráðgjöf, mælingum, prófunum og vottunarstarfsemi.

Samkvæmt lögum um byggingarvörur, nr. 26/2014, skal Nýsköpunarmiðstöð Íslands vera óháður aðili til staðfestingar á nothæfi byggingarvöru.

Samkvæmt lögum um vísitölu byggingarkostnaðar skal vísitala byggingarkostnaðar reist á grunni sem Hagstofa Íslands ákveður í samráði við Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

2. *Hver er áætlaður heildarkostnaður lögbundinna verkefna Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og hver er áætlaður kostnaður hvers verkefnis samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2020?*

Kostnaði er ekki deilt niður á hvert lögbundið verkefni í fjárlögum, heldur er gerð grein fyrir fjárheimildum vegna hvers málefnasviðs og málaflokks og þeim skipt niður í fjárveitingar til einstakra verkefna og ríkisaðila sem birtast í fylgiriti fjárlaga hverju sinni. Nýsköpunarmiðstöð Íslands heyrir undir málefnasvið 7 og málaflokk 7.20. Samkvæmt fylgiriti fjárlaga 2020 er gert ráð fyrir að stofnunin hafi til ráðstöfunar 1.420,6 millj. kr. til að sinna lögbundnum verkefnum sínum. Skiptist framlagið annars vegar í 704,8 millj. kr. framlag úr ríkissjóði og hins vegar 715,8 millj. kr. rekstrartekjur.